

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Tilvísun: 00060002

Ár 2017, föstudaginn 20. október var haldinn 165. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 09.00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Línal Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri og Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram árshlutareikningur SHS fyrir janúar – júní 2017. Einnig er lagt fram minnisblað um endurskoðun á fjárhagsáætlun SHS 2017, dags. 20. október 2017, og endurskoðuð fjárhagsáætlun SHS 2017, drög, dags. 20. október 2017.
Samþykkt. Lífeyrisskuldbinding verður greidd af handbæru fé.
 2. Lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun SHS fyrir árið 2017 á grundvelli niðurstöðu rekstrarúttektar skv. ákvörðun stjórnar á 162. fundi sínum í apríl 2017. Einnig er lagt fram minnisblað um fjárhagsáætlun SHS 2018, dags. 20. október 2017 og fjárhagsáætlun SHS 2018, drög, dags. 20. október 2017.
Samþykkt, með 22 milljóna króna aukinni hagræðingu og fjárfesting verður tekin af handbæru fé.
 3. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árin 2019-2022. Einnig lögð fram fjárhagsáætlun SHS 2019-2022, drög, dags. 20. október 2017.
Samþykkt, að teknu tilliti af afgreiðslu fyrir árið 2018.
 4. Önnur mál.
 - a. Reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit.
Lögð fram reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017, dags. 25. júlí 2017, ásamt bréfi MVS til umhv.ráðuneytis um mat á kostnaðaráhrifum draga að reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit, dags. 1. júní 2017.
- 6.2 Deiliskipulagsbreyting, slökkvistöðin í Hafnarfirði.
Lagt fram bréf frá skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar, dags. 21. september 2017.

**Næsti fundur verður föstudaginn 17. nóvember 2017.
Fundu slitið klukkan 10:00.**

Fylgiskjöl:

- Minnisblað um endurskoðun á fjárhagsáætlun SHS 2017, dags. 20. október 2017.
- Endurskoðuð fjárhagsáætlun SHS 2017, drög, dags. 20. október 2017.
- Minnisblað um fjárhagsáætlun SHS 2018, dags. 20. október 2017.
- Fjárhagsáætlun SHS 2018, drög, dags. 20. október 2017.
- Fjárhagsáætlun SHS 2019-2022, drög, dags. 20. október 2017.
- Reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017, dags. 25. júlí 2017.
- Bréf MVS til umhv.ráðuneytis um mat á kostnaðaráhrifum draga að reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit, dags. 1. júní 2017.
- Bréf frá skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar, dags. 21. september 2017.

Dagur B. Eggertsson

Gunnar Einarsson
Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson